Braust út eldgos í höfðinu



Barbara hefur teiknað myndir í fjölda bóka. Hún skrifaði líka og myndskreytti barnabækur um hundana sína, Charlotte og Emilio.

Barbara Westman er að sýna Íslendingum bláleitar myndir á Kjarvalsstöðum sem urðu til eftir að eldgos braust út í höfði hennar í september sl. Fyrri myndir hennar hafa farið víða því um árabil teiknaði hún forsíður fyrir The New Yorker.

Í september sl. kom Barbara hingað ásamt manni sínum, Arthur C. Danto, sem ætlaði að halda hér fyrirlestur um Andy Warhol. Þegar hún hafði „lent á tunglinu“ og var á leiðinni frá Keflavíkurflugvelli í rigningardembu snemma morguns var „eins og eldfjall gysi í höfðinu á mér. Ég sá hér eitthvað sem ég hafði leitað í mörg, mörg ár.“





„Forsíðurnar breyttust. Í fyrstu teiknaði ég mjög nákvæmlega, með mörgum strikum og mikið af smáatriðum. Seinna varð þetta frjálsara, færri línur og fólkið varð stærra.“



Það var sjóndeildarhringurinn sem heillaði svo Barböru, litirnir, gufan og rigningin í móðu morgundagsins. „Það opnaði aftur huga minn að landslaginu sem ég hafði ekki málað í mörg ár.“

Teiknaði skilti

Barbara hefur gert ýmislegt til að lifa af teikningum sínum, kennt í skólum og á söfnum, málað skilti á flutningabíla og í 10 ár vann hún 3 daga vikunnar við Peabody safnið við Harvard háskóla þar sem hún teiknaði nákvæm landakort og myndir af fornleifum fyrir bækur 10 prófessora. Þannig hafði hún 4 daga til að vinna að eigin verkum og nýtti þá til að teikna Bostonborg.

Útgefandi nokkur fékk hana til að teikna myndir í bækur um borgina og eiginmaður hennar lýsir þessu tímabili svo: „Barbara naut ámóta hylli í Boston og besti kastarinn í Red Sox-liðinu í hafnarbolta... Ég uppgötvaði að Barbara hafði skapað myndræna goðsögn um Boston, ekki ósvipaða hinni síðferðilegu goðsögn jólanna sem Charles Dickens hafði búið lesendum sínum.“ Boston-teikningar Barböru hafa síðar orðið eins konar fyrirmynd stórborgarinnar í bandarískum teiknimyndum sem flestir kannast við, þessi myrka borg með þröngum götum og háum húsum.

Tvær stúlkur borða pítsu

Árið 1979 sendi Barbara vikuritinu The New Yorker 100 litlar teikningar sem notaðar voru undir ýmsum dálkum og upp úr því fór hún að vinna fyrir blaðið. The New Yorker hefur heila hjörð af listamönnum til að teikna í blaðið og í um áratug var Barbara ein af þeim. Barbara segist hafa verið hálfhrædd við borgina og mannlífið þar fyrst eftir að þau Arthur fluttu þangað. „Í Boston, Hollandi og Frakklandi er einhver heildarsvipur á fólki; í andliti, tjáningu, fatatísku en ekki í New York. Þar eru allar tegundir fólks.“ Því eru fyrstu forsíður Barböru afskaplega nákvæmar teikningar með hús og blokkir í forgrunni. En smám urðu myndirnar frjálsari. „Fólk varð mér mikilvægara en arkítektúrinn. Kannski hætti ég að vera svona hrædd. New York þvingaði mig til að einfalda hlutina.“

Barbara fékk mikinn áhuga á hversdagslegum athöfnum fólks. „Ég var vön að fela mig bak við súlur, horfa á fólk borða á veitingastöðum og rissa upp myndir í glósubókina mína, áður en mér var hent út.“

Hamlandi form

Um 1990 tók nýr ritstjóri við The New Yorker og hætti Barbara þá þar sem listamennirnir höfðu ekki lengur frjálsar hendur við forsíðuna. „Ég vissi líka í hjarta mínu að þetta var orðið of takmarkað form.“

Síðan þá hefur Barbara breytt um stíl. Er farin að mála með svörtum penslastrikum, en ekki bleki, og er hætt að teikna allt sem hún sér. Hún segist vera búin að koma sér upp sínu orðasafni og þarf því ekki að eyða orku sinni í að tína upp öll smáatriði sem á vegi hennar verða líkt og áður þegar hún ferðaðist um með strætó og neðanjarðarlestum til að teikna allt sem fyrir augu bar.

Og hugljómunin frá Reykjanesskaganum er ekki farin að fölna því Barbara er enn að mála upp úr henni. „Og ég skemmti mér konunglega.“ lóa